



## Erindisbréf fyrir skólanefnd Tónlistarskólans á Tröllaskaga

1. Skólanefndin heyrir beint undir byggðar- og bæjarráð í Dalvíkur- og Fjallabyggð. Sviðsstjórar fræðslu- og menningarsviða beggja sveitarfélaga starfa með nefndinni.
2. Skólanefnd TÁT skal kjörin í upphafi kjörtímabils til fjögurra ára í senn. Skólanefnd samanstendur af þremur kjörnum fulltrúum sveitarfélaganna, formaður frá Fjallabyggð og tveir nefndarmenn frá Dalvíkurbyggð. Tveir embættismenn starfa með nefndinni einn úr hvoru sveitarfélagi. Varamenn eru 3 kjörnir fulltrúar, tveir frá Fjallabyggð og einn frá Dalvíkurbyggð.

Skólastjóri og einn fulltrúi kennara sitja skólanefndarfundi með málfrelsi og tillögurétt.

3. Hlutverk nefndarinnar er:
  - að vera stefnumótandi aðili í málefnum tónlistarskólans
  - að vera sveitarstjórnnum beggja sveitarfélaga til ráðgjafar
  - að gera tillögur til byggðar- og bæjarráða um markmið í málefnum tónlistarskólans innan beggja sveitarfélaga
  - að hafa eftirlit með því að samþykkt markmið sveitarstjórna beggja sveitarfélaga í þessum málaflokki nái fram að ganga
  - að sjá um að öll skólaskyld börn innan sveitarfélaganna njóti lögboðinnar tónlistarkennslu
  - að leggja fram tillögu að gjaldskrá tónlistarskólans
  - að gera tillögur um úrbætur í þeirri starfsemi sem undir það heyrir

Nefndin hefur umsjón með tónlistarskólanum og gerir tillögur til sveitarstjórnar/bæjarstjórnar um fjárhagsáætlun. Nefndin skal hafa eftirlit með því að tónlistarskólinn starfi innan ramma laga og samþykkrar fjárhagsáætlunar á hverjum tíma. Fjármál skólans eru á ábyrgð skólastjóra sem annast daglegan rekstur í umboði skólanefndar. Skólanefnd sendir sveitarstjórnnum starfsáætlun og rökstudda beiðni um fjárframlag til komandi starfsárs til afgreiðslu.

4. Meginhlutverk nefndarinnar er stefnumótun. Nefndin setur skólastjóra og stjórnendum starfsreglur um afgreiðslur einstakra mála, þannig að hraða megi afgreiðslu, sbr. 44. gr. sveitarstjórnarlaga.

5. Skólanefnd heldur fundi eftir því sem þurfa þykir og ræður meirihluti atkvæða úrslitum mála á nefndarfundum. Þetta á þó ekki við um mál sem eru skv. lögum sérstaklega falin sveitarstjórnnum til ákvörðunar. Mál sem hljóta fullnaðarafgreiðslu í nefndinni eru í samræmi við samþykktar starfsáætlun og mega ekki hafa í för með sér útgjöld utan ramma fjárhagsáætlunar.
6. Auk verkefna sem nefndin hefur með höndum skv. lögum og erindisbréfi þessu, geta sveita- og bæjarstjórnir beggja sveitarfélaga falið nefndinni ýmis mál með erindisbréfum eða samþykktum.
7. Um starfshætti nefndarinnar er sérstaklega fjallað í V. kafla samþykktar um stjórn og fundarsköp Dalvíkurbyggðar og VI. kafla samþykktar um stjórn Fjallabyggðar og skal þeim fylgt eftir því sem við á. Formaður stýrir fundum ráðsins skv. ákvæðum III. og IV. kafla samþykktar um stjórn og fundarsköp Dalvíkurbyggðar.
8. Til að fylgja eftir samþykktum nefndarinnar skulu fulltrúar nefndarinnar snúa sér til sviðsstjóra fræðslu- og menningarsviða sveitarfélaganna.
9. Um réttindi og skyldur fulltrúa í nefndinni gilda ákvæði sveitarstjórnarlaga og samþykktar um stjórn og fundarsköp Dalvíkurbyggðar og Fjallabyggðar eftir atvikum. Fulltrúar eru bundnir þagnarskyldu vegna mála, sem þeir fá vitneskju um í starfi sínu fyrir nefndina og ætla má að leynt eigi að fara skv. eðli máls eða lögum, hvort sem þau varða einka- eða almannahagsmuni. Þagnarskylda helst óbreytt þótt menn hætti setu í nefndinni eða láti af störfum á þess vegum.
10. Ákvörðun um ráðningar stjórnenda og annarra starfsmanna eru á valdi skólustjóra en háðar fjárhagsramma skólans hverju sinni. Upplýsa skal byggðar- og bæjarráð sveitarfélaga enda liggja fyrir samþykkt fyrir stöðugildum.
11. Fundarboð, ásamt dagskrá og fylgigögnum, skal berast nefndarfólki ekki síðar en tveimur sólarhringum fyrir fund. Heimilt er að senda fundarboð (dagskrá) rafrænt til nefndarmanna, aðalmanna og varamanna, með tölvupósti og fundarboðið, dagskrá ásamt fylgigögnum, er þá aðgengilegt rafrænt í gegnum aðgang kjörinna fulltrúa inn á fundargátt sveitarfélaganna.

**[Samþykkt á fundi skólanefndar TAT, 11. 10. 2019](#)**

**[Samþykkt á fundi byggðarráðs Dalvíkurbyggðar, 11.06.2020.](#)**

**[Samþykkt á fundi bæjarráðs Fjallabyggðar, 23.06.2020, fullnaðarafgreiðsla.](#)**

**[Samþykkt á 326. fundi sveitarstjórnar Dalvíkurbyggðar 16.06.2020.](#)**